

Fundur 18

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn mánudaginn 16. nóvember 2015 í Þjósárskóla kl. 15:30.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri, Árdís Jónsdóttir og Hafdís Hafsteinsdóttir, Hrafnhildur Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna, Svala Bjarnadóttir og Arnór Hans Þrándarson fulltrúar foreldra. Rebekka Georgsdóttir og Þrándur Ingvarsson fulltrúar nemenda.

1. Fjárhagáætlun

Fólk hafði fjárhagsáætlun á blaði, rætt um ákveðin atriði. Bolette fór yfir hvar helst er hægt að spara og hvar þurfi meira fjármagn. Hún óskaði síðan eftir ábendingum varðandi sparnað og óskir um eitthvað sem vantar.

2. Heilsueflandi skóli.

Hafdís reifaði það sem gert er í þessu verkefni, hvað hefur verið gert og hvað er framundan. Stefnan sé að allir í skólanum taki þátt, t.d. í Hjólað í skólann og Lífshlaupinu. Fram kom að lokun Neslaugar sé ekki í takt við Heilsueflandi skóla. Margt sem gert er í skólanum rímar vel við verkefnið.

3. Önnur mál.

Þrándur spurði af hverju Bjarni skólabílstjóri sé stundum svona seinn. Því var svarað. Fátt var rætt en talið að við getum komið með athugasemdir næstu daga, detti okkur eitthvað í hug, ekki sé búið að ganga frá fjárhagsáætlun ennþá.

Fundi slitið klukkan 16:10

Hafdís Hafsteinsdóttir

Svala Bjarnadóttir

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Hrafnhildur Ágústsdóttir

Þrándur Ingvarsson

Rebekka Georgsdóttir

Arnór Þrándarson

Arnór Hans Þrándarson